

## D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 30. janúar 2008 í máli nr. E-4978/2007:

**Valgerður Halldórsdóttir**

*(Dögg Pálsdóttir hrl.)*

**gegn**

**Tryggingastofnun ríkisins**

*(Skarphéðinn Þórisson hrl.)*

Mál þetta er höfðað með stefnu birtri 27. júní 2007, þingfest 28. s.m. og dómtekið 17. janúar 2008.

Stefnandi er Valgerður Halldórsdóttir, Frostaskjóli 37, Reykjavík.

Stefndi er Tryggingastofnun ríkisins, Laugavegi 114, Reykjavík.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær að felld verði úr gildi ákvörðun stefnda, Tryggingastofnunar ríkisins, þar sem synjað er umsókn stefnanda um bætur úr sjúklingatryggingu samkvæmt lögum nr. 111/2000. Þá krefst stefnandi þess að stefndi verði dæmdur til að greiða málskostnað.

Stefndi krefst sýknu og greiðslu málskostnaðar.

Stefndi krafðist frávísunar málsins í greinargerð. Á dómþingi 15. október 2007 féll stefnandi frá síðari hluta 1. tl. kröfugerðar sinnar. Á dómþingi 23. nóvember sl. féll stefnandi síðan frá dómkröfum samkvæmt 2. tl. Féll stefndi þá frá frávísunarkröfu sinni. Þar sem málið eftir breytta kröfugerð varðar eingöngu stefnda, Tryggingastofnun ríkisins, hefur aðild málsins til varnar verið breytt í samræmi við það.

*Málsatvik:*

Stefnandi er hjúkrunarfræðingur og vann sem slíkur árið 2002 á augndeild Landspítala háskólasjúkrahúss. Dag einn í október 2002 fór stefnandi að eigin sögn að sjá stórar flygsur fyrir hægri auga. Stefnandi kveðst samdægurs hafa leitað til Alfreðs Harðarsonar deildarlæknis á augndeild Landspítala háskólasjúkrahúss og sagt honum frá einkennum sínum. Kveðst stefnandi hafa spurt Alfreð sérstaklega að

Því hvort hann teldi þörf á skoðun vegna einkennanna. Hafi Alfreð gert lítið úr fyrirspurn stefnanda. Hafi stefnandi spurt hann sérstaklega að því hvort ekki ætti að fá augnlækni til að skoða augað. Því hafi Alfreð Haraldsson svarað eitthvað á þá leið: „Til hvers Valgerður, það er ekkert að þér. Það fá allir svona flygsueinkenni. Ég er sjálfur með svona og það fá það allir. Þetta er allt í lagi. Þetta bara hættir, það er ekkert að þér.” Stefnandi hafi treyst orðum læknisins og ekkert verið aðhafst frekar. Stefnandi heldur því fram að Alfreð Harðarson hafi á þessum tíma verið að sinna sjúklingi er hann hafi hitt stefnanda inni í herbergi hjúkrunarfræðinga. Þar hafi stefnandi, ásamt öðrum hjúkrunarfræðingi Auði Berglindi Ómarsdóttur, verið að ræða um flygsur fyrir augum. Alfreð hafi verið á hraðferð og lítillaga tekið þátt í umræðum þeim sem þar fóru fram á léttum nótum áður en hann hafi snúið aftur til fyrri starfa. Um málsatvik þessi er deilt en þau skipta mestu um niðurstöðu málsins.

Þann 11. nóvember 2002, eða um mánuði eftir að stefnandi kvaðst hafa orðið vör við flygsueinkenni sín og rætt þau við Alfreð Harðarson, vaknaði hún að morgni dags. Kveður hún allt hafa verið svart fyrir hægra auga. Stefnandi fór til vinnu samdægurs þar sem hún fór þess á leit við Ingimund Gíslason augnlækni að hann skoðaði sig. Fyrir liggur í málinu að Ingimundur skoðaði stefnanda í framhaldinu og lét hann stefnanda skrá sig inn sem sjúkling áður en sú skoðun fór fram. Við umrædda skoðun greindist stefnandi með algjört sjónhimnuloss á hægra auga. Sjónhimna var farin af „maculasvæðinu” og gekkst stefnandi undir aðgerð vegna þess daginn eftir.

Á dskj. nr. 10 liggur frammi yfirlýsing Auðar Berglindar Ómarsdóttir, sem rituð er 7. júlí 2003. Þar lýsir Auður yfir að í nóvember 2003 hafi hún verið viðstödd er stefnandi hafi borið undir Alfreð að hún væri með flygsur fyrir hægra auga. Geti Auður Berglind ekki með góðri samvisku sagt að hún myndi samtalið vel. Hún myndi þó að Alfreð hafi komið í dyragættina á herbergi hjúkrunarfræðinga og hafi stefnandi minnst á að hún væri með flygsur fyrir auganu. Hafi þær spurt Alfreð hvort hann ætlaði ekki að skoða stefnanda. Í framhaldinu hafi talið borist að því hvort ekki væri um að ræða „floaters” í auganu og einhvern veginn hafi samtalið „eyðst” og ekkert orðið úr skoðun. Þá liggur fyrir á dskj. nr. 11 bréf Alfreðs Harðarsonar deildarlæknis frá 8. júlí 2003 þar sem hann rekur atvik. Fram kemur að daginn sem kvartað hafi verið undan flygsum hafi Alfreð verið búinn að vera starfandi á augndeildinni í sex til sjö mánuði. Hafi hann verið að sinna öðrum störfum á göngudeild augndeildar. Hafi hann haldið á sjúkragögnum sjúklings sem hann hafi verið að taka sjúkrasögu af. Þá annað hvort gangi hann inn á Berglindi og stefnanda eða þær kalli til hans, þar sem þær sitji í herbergi hjúkrunarfræðings. Hafi þær verið að tala um flygsur fyrir augum og þá frekar á léttum nótum eins og oft hjá þeim þar sem Alfreð myndi að eitthvað hafi verið hlegið. Hafi Alfreð sagt að hann fengi stundum sjálfur flygsur fyrir augun sem hann sæi í vissum birtuskilyrðum. Einnig hafi hann sagt að margir væru með það sama. Hafi Alfreð ekki hugsað frekar út í þetta þá.

Stefnandi kveður meðferðir vegna sjónhimnuloss hafa gengið erfiðlega og hafi hún þurft að gangast undir samtals sex aðgerðir vegna þessa fram til dagsins í dag og á tímabili verið óvinnufær. Vegna afleiðinga sjónhimnulossins er stefnandi algerlega blind á hægra auga og vinnugeta hennar verulega skert. Fyrir atvikið var stefnandi í 70% starfi en í dag er stefnandi í 40% starfi.

Stefnandi ritaði yfirlækni augndeildar Landspítala háskólasjúkrahúss bréf 14. maí 2003 þar sem hún kom á framfæri óánægju sinni og óskaði eftir því mál hennar yrði skoðað nánar. Í svarbréfi Friðberts Jónassonar yfirlæknis frá 15. maí 2003 til stefnanda kom fram að Einar Stefánsson prófessor myndi fara yfir málið með formlegum hætti. Með bréfi dagsettu 19. júní 2003 leitaði stefnandi einnig til embættis landlæknis vegna málsins. Embætti landlæknis aflaði gagna vegna málsins en leitað var m.a. til Alfreðs Harðarsonar og Auðar Berglindar Ómarsdóttur í tengslum við hvað fram væri komið um atburðarrásina. Í endanlegri álitsgerð embættisins frá 17. mars 2004 voru athugasemdir og ábendingar stefnanda ekki teknar til greina.

Með bréfum 16. og 27. apríl 2004 leitaði stefnandi því næst til Nefndar um ágreiningsmál skv. lögum um heilbrigðisþjónustu. Í álitsgerð nefndarinnar frá 23. febrúar 2005 kemur fram að nefndin treysti sér ekki til að skera úr um hver bæri ábyrgð á því að stefnandi hafi ekki leitað sér frekari lækninga í kjölfar atviksins í október 2002. Stefnandi leitaði til embættis ríkislögmans með bréfi 12. apríl 2005 þar sem hún leitaði eftir afstöðu embættisins til bótaréttar. Í svari embættisins frá 10. maí 2005 er bótaskyldu hafnað en stefnanda bent á að tilkynna atvikið til stefnda á grundvelli laga um sjúklingatryggingu. Í kjölfarið sótti stefnandi um bætur úr sjúklingatryggingu þann 30. september 2005 en var hafnað 9. janúar 2006 á þeim forsendum að samtal stefnanda við Alfreð Harðarson lækni teldist ekki meðferð eða rannsókn samkvæmt 1. gr. laga um sjúklingatryggingu. Stefnandi væri ekki sjúklingur í skilningi sömu greinar, þar sem að samtalið hafi ekki verið skráð á nokkurn hátt. Stefnandi kærði niðurstöðu stefnda til Úrskurðarnefndar almannatrygginga þann 7. apríl 2006. Með úrskurði nefndarinnar frá 17. maí 2006 var synjun stefnda á bótaskyldu staðfest. Stefnandi ritaði embætti ríkislögmans á ný bréf 21. desember 2006 þar sem hún ítrekaði að viðurkennd yrði bótaskylda stefnda og leitaði eftir að endurskoðuð yrði ákvörðun stefnda og Úrskurðarnefndar almannatrygginga um að atvikið ætti ekki undir lög um sjúklingatryggingu. Embætti ríkislögmans ítrekaði höfnun á bótakröfu með bréfi 22. desember 2006. Kom fram í bréfinu það álit ríkislögmans að embættið endurskoðaði ekki niðurstöðu þeirra stjórnisýsluaðila sem afstöðu tækju til greiðsluskyldu á grundvelli laga um sjúklingatryggingu. Þeirri niðurstöðu yrði ekki hnekkt nema eftir atvikum með dómi. Hefði mál stefnanda ekki fengið efnislega meðferð hjá stefnda.

Við aðalmeðferð málsins gaf skýrslu fyrir dómi stefnandi, Alfreð Harðarson læknir og Auður Berglind Ómarsdóttir hjúkrunarfræðingur.

Stefnandi kvað umrædda atburði hafa átt sér stað í lok vinnudags í október 2002. Hafi hún verið að ganga frá á augndeild Landspítala háskólasjúkrahúss er hún hafi skyndilega fengið flygsur yfir auga. Hafi henni brugðið en vitað af Auði Berglindi Ómarsdóttur hjúkrunarfræðingi inni í herbergi hjúkrunarfræðinga. Hafi hún farið til hennar og sagt henni frá flygsunum. Auður Berglind hafi þá séð til ferða Alfreðs Harðarsonar deildarlæknis frammi á gangi. Hafi hún sagt við hann að hann skyldi skoða stefnanda. Alfreð hafi í framhaldi komið inn í herbergið. Hafi stefnandi tjáð Alfreð að hún sæi flygsur. Alfreð hafi sagt við stefnanda að þetta væri ekki merkilegt og að allir fengju þetta. Hafi þau rætt saman í dágóðan tíma. Hafi hann tjáð henni að einkennin færu. Hafi stefnandi fylgt Alfreð eftir fram á gang og spurt hann hvað hún ætti að gera og hvort hún ætti ekki að leita til sérfræðings. Hafi hann spurt til hvers, það væri ekki til neins. Hafi stefnandi í framhaldi gefist upp og

farið aftur inn í herbergi hjúkrunarfræðinga til Auðar Berglindar og spurt hana hvað hún ætti að gera. Einkennin hafi þá verið horfin, en þau hafi horfið er hún hafi rætt við Alfreð frammi á gangi. Samtal stefnanda og Alfreðs hafi ekki verið á léttum nótum. Stefnandi kvaðst á þessum tíma ekki hafa vitað um reglur er í gildi hafi verið um svonefndar gangalækningar. Stefnandi kvað Auði Berglindi hafa orði vitni að samtalinu við Alfreð en stefnandi hafi rætt við hann í herbergi fyrir hjúkrunarfræðinga, auk þess sem Auður Berglind hafi verið rétt hjá er stefnandi hafi rætt við Alfreð frammi á gangi.

Alfreð Harðarson kvaðst umræddan dag hafa verið að sinna sjúklingi í skoðun. Hafi hann komið fram og heyrt stefnanda og Auði Berglindi ræða saman í herbergi hjúkrunarfræðinga. Hafi þær verið að hlæja. Stefnandi hafi sagt að hún væri með flygsur fyrir auga. Hafi Alfreð sagt að hann fengi sjálfur stundum flygsur fyrir augu. Hafi hann bætt því við að sennilega væru allir fá slíkt. Í framhaldi hafi hann farið út úr herberginu. Alfreð kvaðst ekki kannast við að Auður Berglind hafi kallað sérstaklega á hann og beðið hann um að koma inn í herbergið. Þá kvaðst Alfreð ekki kannast við að hafa verið beðinn um að skoða stefnanda. Alfreð kvaðst kannast við að stefnandi hafi sagt við hann í tengslum við þá aðgerð er stefnandi hafi farið í að stefnandi hafi haldið því þá fram að hún hafi beðið Alfreð um að skoða sig. Hafi Alfreð þá reynt að muna hvort svo hafi verið en hann ekki minnst þess. Gæti hann þó ekki útilokað að stefnandi hafi beðið Alfreð um að skoða sig. Stefnandi hafi ekki sagt að hún hefði áhyggjur af þessum flygsum eða að um væri að ræða ný einkenni. Þá kvaðst Alfreð í viðræðum við stefnanda daginn eftir fyrstu aðgerð stefnanda hafa sagt að honum fyndist leiðinlegt að hann myndi ekki betur eftir orðaskiptum þeirra í október 2002. Alfreð kvaðst á þessum tíma hafa vitað um dreifibréf er lækningaforstjóri hafi sent frá sér varðandi gangalækningar. Alfreð kvaðst hafa tekið saman minnisblað um þessi samskipti sem væri frá 8. júlí 2003. Hafi það verið gert að beiðni Einars Stefánssonar prófessors sem hafi verið með málið á sinni könnu.

Auður Berglind Ómarsdóttir kvaðst dag einn í október 2002 ásamt stefnanda hafa verið inni á vaktherbergi hjúkrunarfræðinga. Komið hafi verið undir lok vaktar en vaktaskipti hafi verið um kl. 16.00. Stefnandi hafi rætt um að hún hefði einkenni fyrir augum, en hún hafi talað um að hún sæi flygsur. Hafi Auður Berglind séð Alfreð Harðarson lækni koma gangandi og hún kallað í hann. Í framhaldi hafi verið rætt um málið en fundurinn allur verið á „léttum nótum”. Hafi Alfreð verið spurður hvort hann vildi ekki kíkja á. Þá hafi verið rætt um hvort ekki gæti verið um að ræða svokallaða „floaters”. Umræðan hafi síðan sennilega eyðst. Auður Berglind kvaðst hins vegar muna það að hún hafi kallað á Alfreð inn í herbergið vegna kvörtunar stefnanda. Ekki kvaðst Auður Berglind vilja fullyrða hve langt samtalið í herberginu hafi verið en það hafi getað staðið í 5 til 10 mínútur.

### *Málsástæður og lagarök stefnanda*

Stefnandi byggir kröfu sína á 1. mgr. 1. gr. laga um sjúklingatryggingu nr. 111/2000. Í greininni komi fram að sjúklingar eigi rétt til bóta samkvæmt lögnum enda verði þeir fyrir líkamlegu eða geðrænu tjóni hér á landi í tengslum við rannsókn eða sjúkdómsmeðferð m.a. á sjúkrahúsi. Stefnandi vísi til 2. gr. laga nr. 74/1997 um réttindi sjúklinga varðandi hugtakið sjúklingur, en þar sé sjúklingur

skilgreindur sem notandi heilbrigðisþjónustu. Í 3. mgr. sömu lagagreinar sé meðferð skilgreind sem rannsókn, aðgerð eða önnur þjónusta sem læknir eða annar heilbrigðisstarfsmaður veiti til að greina, lækna, endurhæfa, hjúkra eða annast sjúkling. Stefnandi hafi álitid sig sjúkling og notanda heilbrigðisþjónustu í samskiptum sínum við Alfred Harðarson. Hafi hún leitað til hans með algerlega sambærilegum hætti og hún hafi gert mánuði síðar þegar hún hafi leitað til Ingimundar Gíslasonar augnlæknis. Viðbrögð læknanna hafi verið gerólík. Alfred hafi brotið reglur stefnda um gangalækningar og læknaþjónustu við starfsmenn en hafi engu að síður svarað fyrirspurn hennar með faglegum hætti sem hún hafi litið á sem læknisráð og treyst. Ingimundur hafi hins vegar látið hana skrá sig strax inn á göngudeild sem sjúkling, eins og reglur hafi gert ráð fyrir. Þessi munur á skráningu í október annars vegar og 11. nóvember hins vegar, sem stefndi geri mikið úr í niðurstöðu sinni, helgist því einvörðungu af því hvernig læknarnir, sem stefnandi hafi leitað til sem sjúklingur, með nákvæmlega sama hætti í bæði skiptin, hafi brugðist við. Annar hafi fylgt reglunum en hinn ekki.

Stefnandi telji sig hafa orðið sjúkling og notanda heilbrigðisþjónustu um leið og hún hafi borið einkenni sín undir Alfred Harðarson deildarlækni, leitaði eftir áliti hans og spurt sérstaklega að því hvort ekki væri ástæða til að fara í skoðun vegna þessa. Með því að tjá sig og taka afstöðu til einkenna stefnanda hafi Alfred Harðarson sett fram greiningu á einkennum stefnanda sem byggð hafi verið á faglegri þekkingu hans. Stefnandi telji að sú staðreynd að Alfred Harðarson hafi ekki séð til þess að hún yrði með formlegum hætti skráð sem sjúklingur, eins og reglur hafi boðið honum að gera, geti ekki leitt til þess að því sé hafnað að líta á hana sem sjúkling og notanda heilbrigðisþjónustu í þessum samskiptum.

Stefnandi telji að Alfred Harðarson hafi ekki brugðist rétt við heilsufarslegri fyrirspurn hennar og þar með brotið skýr fyrirmæli Landspítala háskólasjúkrahúss sem fram komi í dreifibréfi frá 3. janúar 2001. Jafnframt hafi hann brotið reglur um gjaldtöku fyrir lækniþjónustu starfsmanna frá 1. janúar 2002. Í dreifibréfi sem yfirstjórn Landspítala háskólasjúkrahúss hafi sent 3. janúar 2001 í beinu samhengi við gildistöku laga um sjúklingatryggingu sé kveðið á um mikilvægi þess að framfylgt sé reglum um færslu sjúkraskrár um alla veitta þjónustu innan spítalans. Þar hafi einnig verið gerð krafa til þeirra heilbrigðisstarfsmanna sem liðsinni starfsfélögum sínum, að þeir beindu allri slíkri starfsemi á göngudeildir þar sem viðkomandi sjúklingur væri skráður og færð formleg sjúkraskrá. Móttakendur þessa bréfs hafi eingöngu verið læknar, sjúkraþjálfarar og iðjuþjálfar. Stefnandi leggi áherslu á það að hjúkrunarfræðingar hafi almennt ekki fengið umrætt dreifibréf og þar af leiðandi hafi stefnandi ekki haft vitneskju um áðurnefndar starfsreglur og því ekki hægt að ætlast til að hún færi eftir þeim, líkt og Úrskurðarnefnd almennatrygginga geri í rökstuðningi sínum.

Þá hafi Landspítali háskólasjúkrahús sett reglur um gjaldtöku fyrir lækniþjónustu starfsmanna um ári síðar eða 1. janúar 2002. Þar komi fram að starfsmenn skuli greiða fyrir lækniþjónustu sem nemi 40% miðað við fullt gjald. Þá sé enn fremur sett fram skilyrði um að öll þjónusta sem veitt sé til starfsmanna verði unnin á viðkomandi göngudeild og að öll samskipti milli læknis og sjúklings verði skráð með hefðbundnum hætti. Stefnandi byggi á því að reglurnar leggi skýra skyldu á herðar heilbrigðisstarfsmann sem samstarfsmaður leiti til, með öðrum orðum að heilbrigðisstarfsmaðurinn sjái til þess að gjald sé innheimt fyrir þjónustuna og öll þjónusta sé skráð með formlegum hætti.

Ofangreindar reglur séu ótvíræðar um það hvar ábyrgðin liggir. Læknir eigi að hafa þekkingu á reglunum og ávallt framfylgja þeim. Í þessu samhengi hafi Alfreð Harðarson deildarlæknir átt að hafa þekkingu á að láta stefnanda skrá sig inn sem sjúkling er hann hafi fengið fyrirspurn frá stefnanda og fylgja því eftir með formlegum hætti líkt og reglurnar kveði á um. Þá hafi Alfreð Harðarson ekki gætt þess að stefnandi yrði skráð inn sem sjúklingur þannig að hún yrði krafin um gjald fyrir þjónustuna. Þvert á móti hafi Alfreð gefið faglegt álit á einkennum stefnanda og fullyrt að kvartanir hennar væru tilefnislausar. Stefnandi telji umrædd vinnubrögð vera mistök af hálfu Alfreðs Harðarsonar sem stefnandi geti ekki borið ábyrgð á, líkt og Úrskurðarnefnd almannatrygginga láti hana gera. Enda telji stefnandi það koma skýrt fram í gögnum málsins að hún hafi litið á viðbrögð Alfreðs Harðarsonar við kvörtunum sínum sem læknisráð og þar með sem heilbrigðisþjónustu. Stefnandi leggi áherslu á rétt viðbrögð Ingimundar Gíslasonar augnlæknis sem hafi tekið á móti stefnanda rétt um mánuði síðar og bent henni á að skrá sig inn sem sjúkling áður en hann hafi veitt henni læknisfræðilega ráðgjöf. Þá hafi stefndi komið sér undan því að taka afstöðu til þess hvort starfsreglur hafi verið brotnar er stefnandi hafi leitað til Alfreðs.

Stefnandi mótmæli sérstaklega að samanburður á henni og Alfreð Harðarsyni deildarlækni leiði til þess að litið sé á hana sem reyndan hjúkrunarfræðing og á hann sem reynslulítinn deildarlækni. Stefnandi hafi unnið í u.þ.b. ár á augndeild Landspítala háskólasjúkrahúss en Alfreð í u.þ.b. sjö mánuði er atvikið hafi átt sér stað. Þess heldur sé hvergi minnst á reynslu aðila í lögum um sjúklingatryggingu og engar hömlur settar á ábyrgð eftir því hvort heilbrigðisstarfsmaðurinn eða sjúklingurinn hafi reynslu eða ekki. Hér sé einungis verið að reyna koma ábyrgðinni yfir á stefnanda vegna mistaka Alfreðs Harðarsonar.

Stefnandi telji þannig að um leið og hún hafi borið kvörtunina undir Alfreð Harðarson hafi hún orðið sjúklingur eða notandi heilbrigðisþjónustu í skilningi 1. gr. laga nr. 111/2000, sbr. 2. gr. laga nr. 74/1997 um réttindi sjúklinga, sem hafi orðið fyrir tjóni í tengslum við rannsókn og sjúkdómsmeðferð. Blinda á hægri auga stefnanda sé tjón í tengslum við rannsókn eða sjúkdómsmeðferð. Fyrir liggir að stefnandi hafi leitað eftir læknisráðgjöf og sú staðreynd að læknirinn hafi brotið fyrirmæli Landspítala háskólasjúkrahúss um formlega skráningu á samstarfsmanni og reglur um gjaldtöku fyrir læknisþjónustu starfsmanna megi ekki bitna á stefnanda og leiða til þess að hún, í skilningi laga um sjúklingatryggingu, teljist ekki sjúklingur eða notandi heilbrigðisþjónustu.

Stefnandi leggi jafnframt áherslu á að samskipti hennar og Alfreðs Harðarsonar hafi ekki verið óformleg og í flýti líkt og stefndi fullyrði í niðurstöðum sínum og Úrskurðarnefnd almannatrygginga staðfesti. Því síður hafi hún tekið við brögðum læknisins sem óformlegu spjalli á léttu nótonum. Jafnframt andmæli stefnandi því að þau svör sem hún hafi fengið hafi verið gefin á hlaupum, þvert á móti hafi verið um samtal að ræða þar sem hvorugur aðilinn hafi verið að flýta sér. Þá andmæli stefnandi því að samtalið hafi farið fram á gangi líkt og stefndi byggir á í skjölum sínum enda slíkt í andstöðu við frásögn Alfreðs Harðarsonar sjálfs, eins og fram komi í dskj. nr. 11. Orðalag í þessu dóm skjali sé augljóst, en Alfreð hafi komið inn í herbergi hjúkrunarfræðinga til að hlusta á heilsufarslegar kvartanir stefnanda. Við þessum kvörtunum hafi hann brugðist með því að gefa

læknisfræðilega ráðgjöf sem stefnandi hafi tekið fullt mark á þar sem hann hafi tekið þá afstöðu að ekki væri þörf á nánari skoðun vegna einkennanna.

Stefnandi telji að Alfreð Harðarson hafi ekki brugðist við heilsufarslegri kvörtun hennar í samræmi við fyrirliggjandi fyrirmæli. Hann hafi hvorki skoðað hana né talið ástæðu til að augnlæknir skoðaði hana. Þá hafi hann talið stefnanda trú um að einkenni þau sem hún lýsti væru ekki alvarleg og engin ástæða væri til að bregðast sérstaklega við þeim. Þessi einkenni hafi hins vegar verið alvarleg og full ástæða til að láta rannsaka nánar. Stefnandi hafi treyst á faglegt álit Alfreðs Harðarsonar með þeim afleiðingum að hún hafi greinst með algjört sjónhimmulos um mánuði síðar og misst sjón á hægra auga. Vegna þessara mistaka Alfreðs Harðarsonar við læknismeðferð telji stefnandi sig hafa orðið fyrir heilsutjóni sem komast hafi mátt hjá. Atvikið falli þannig skýrt undir ákvæði 1. tl. 2. gr. laga nr. 111/2000 og sé stefnanda mikið í mun að fá efnislega úrlausn í máli sínu. Í ljósi ofangreindra raka krefjist stefnandi þess að felld verði úr gildi ákvörðun stefnda, þar sem synjað hafi verið umsókn stefnanda um bætur úr sjúklingatryggingu samkvæmt lögum nr. 111/2000.

#### *Málsástæður og lagarök stefnda*

Stefndi byggir kröfu sína um sýknu á því að stefnandi hafi ekki verið sjúklingur í skilningi laga nr. 111/2000 í samskiptum sínum við Alfreð Harðarson deildarlækni á Landspítala háskólasjúkrahúsi í október 2002. Forsenda þess að teljast vera sjúklingur í skilningi laga nr. 111/2000 sé formlegt samningssamband milli sjúklings og læknis. Í þessu samhengi sé átt við að viðkomandi þurfi að panta tíma hjá lækni, greiða fyrir þjónustu hans og að læknir skoði sjúkling og haldi sjúkraskrá. Samskipti stefnanda og stefnda hafi verið mjög óformleg, tilviljunarkennd og óljós. Ljóst sé að Alfreð Harðarson deildarlæknir hafi komið inn í herbergi hjúkrunarfræðinga og talað við stefnanda. Samtal þeirra hafi verið stutt og þess eðlis að ekki sé annað hægt en að draga þá ályktun að það hafi verið óformlegt og tilviljanakennt. Engin hefðbundin læknisskoðun hafi farið fram né rannsókn og telji stefndi afar langsótt að stefnandi geti fallið undir skilgreininguna sjúklingur í skilningi ofangreindra laga. Stefndi leggi ennfremur áherslu á umgjörð samskipta milli stefnanda og Alfreðs Harðarsonar, en af frásögn bæði Alfreðs og Auðar Berglindar Ómarsdóttur hjúkrunarfræðings megi sjá að umrædd samskipti hafi verið samtal milli starfsmanna en ekki sjúklings og starfsmanns líkt og stefnandi haldi fram.

Stefnandi hafi búið yfir starfsreynslu, hafi haft greiðan aðgang að læknum á deildinni og haft alla burði til að fá formlega ráðgjöf vegna einkenna sinna. Stefnandi hafi ekki getað ætlast til að fá faglega úrlausn við óformlegri fyrirspurn sinni til samstarfsmanns sem hafi haft takmarkaða reynslu. Þá leggi stefndi áherslu á að þar sem stefnandi hafi verið starfsmaður á augndeild Landspítala háskólasjúkrahúss hafi henni átt að vera fullljóst að heimildir verði ekki til nema þær séu skráðar. Stefndi bendi á þá vitneskju stefnanda að ekkert hafi verið skráð um samtalið og hafi hún því ekki getað ætlast til að vera skilgreind sem sjúklingur í skilningi laganna. Stefnandi hafi hvorki verið skoðuð né rannsökuð og hún sjálf borið ábyrgð á því að fylgja vangaveltum sínum um umrædd einkenni ekki eftir.

Stefndi leggi áherslu á þá málsástæðu að stefnandi hafi ekki verið sjúklingur í þeim tilviljunarkenndu samskiptum sem átt hafi sér stað. Stefndi líti svo á að umrædd samskipti hafi einungis verið venjuleg samskipti samstarfsfólks á sama vinnustað. Í ljósi þessa mótmæli stefndi þeirri málsástæðu stefnanda að Alfreð Harðarson hafi brotið skýr fyrirmæli dreifibréfs og reglna um lækniþjónustu um skráningar í sjúkraskrá. Stefndi hafi auðveldlega getað pantað skoðun hjá sérfræðingum á vinnustað sínum og fengið greiningu á einkennum sínum. Það að hún hafi ekki látið verða af því beri hún sjálf ábyrgð á.

#### *Niðurstaða:*

Óumdeilt er að stefnandi greindist með algert sjónhimnulós á hægra auga 11. nóvember 2002. Þá liggur jafnframt fyrir að í október s.á. greindi stefnandi samstarfsfólki sínu, þeim Alfreð Harðarsyni deildarlækni og Auði Berglindi Ómarsdóttur hjúkrunarfræðingi, frá því í herbergi hjúkrunarfræðinga á augndeild Landspítala háskólasjúkrahúsi, að hún hefði flygsur fyrir auga. Hvað stefnanda og þeim Alfreð og Auði Berglindi fór nákvæmlega í milli eru aðilar ekki á einu máli um. Niðurstaða þessa máls ræðst af því hvað talið verði sannað um efni títtnefnds samtals og þá sérstaklega hvort talið verði að í viðtali stefnanda og Alfreðs Harðarsonar deildarlæknis hafi falist greiningarþjónusta af hálfu læknis sem leitt hafi til þess að stefnandi hafi verið notandi heilbrigðisþjónustu á þessum tíma í skilningi 2. gr. laga nr. 74/1997.

Samkvæmt 1. mgr. 1. gr. laga nr. 111/2000 eiga rétt til bóta samkvæmt lögum sjúklinga, sbr. 2. gr. laga um réttindi sjúklinga, sem verða fyrir líkamlegu eða geðrænu tjóni hér á landi í tengslum við rannsókn eða sjúkdómsmeðferð á sjúkrahúsi, heilsugæslustöð eða annarri heilbrigðisstofnun, í sjúkraflutningum eða hjá heilbrigðisstarfsmanni sem starfar sjálfstætt og hlotið hefur löggildingu heilbrigðis- og tryggingarmálaráðherra til starfans. Svo sem 1. mgr. 1. gr. laga nr. 111/2000 ber með sér er um skilgreiningu á því hver sé sjúklingur vísað til 2. gr. laga um réttindi sjúklinga, nr. 74/1997. Samkvæmt téðri 2. gr. er sjúklingur skilgreindur sem notandi heilbrigðisþjónustu. Samkvæmt athugasemdum með frumvarpi til laga um réttindi sjúklinga sem lagt var fram á 121. löggjafarþingi Íslendinga er í 2. gr. með sjúklingi átt við hvern þann einstakling, heilbrigðan eða sjúkan, sem notar heilbrigðisþjónustu. Þegar sjúklingur hafi samskipti við starfsmenn heilbrigðisþjónustu verði virk réttindi sem frumvarpið fjalli um.

Svo sem áður var vikið að eru aðilar ekki á einu máli um hvers eðlis samtal stefnanda og Alfreðs Harðarsonar deildarlæknis hafi verið er stefnandi hafi í október 2002 greint Alfreð frá því að hún væri með flygsur fyrir auga. Stefndi heldur því afdráttarlaust fram að hún hafi leitað ráða hjá Alfreð varðandi flygsueinkennin og m.a. spurt hann að því hvað hún ætti að gera og hvort rétt væri að hún leitaði til sérfræðings vegna þess. Svör Alfreðs hafi verið slík að þau hafi ekki gefið henni tilefni til að aðhafast frekar í málinu. Alfreð á hinn bóginn kveðst ekki muna eftir því að hafa ráðlagt stefnanda með neinum hætti. Kveðst hann telja að þau hafi meira átt óformlegt spjall þar sem flygsueinkenni stefnanda hafi borið á góma. Þá hefur Auður Berglind Ómarsdóttir hjúkrunarfræðingur staðfest að hún hafi kallað á Alfreð inn í herbergi hjúkrunarfræðinga vegna þeirra einkenna

stefnanda að hún hefði flygsur fyrir auga. Hefur hún staðhæft að Alfreð hafi verið spurður að því hvort hann ætlaði ekki að skoða stefnanda. Ekki rekur Auði Berglindi minni til samtalsins að öðru leyti.

Samkvæmt 1. mgr. 44. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála sker dómari úr því hverju sinni eftir mati á þeim gögnum sem hafa komið fram í máli hvort staðhæfing um umdeild atvik teljist sönnuð, enda bindi fyrir mæli laga hann ekki sérstaklega um mat í þessum efnum.

Að mati dómsins hefur ekki komið fram í málinu með ótvíræðum hætti að stefnandi hafi í október 2002 á augndeild Landspítala háskólasjúkrahúss spurt Alfreð Harðarson deildarlækni sérstaklega að því hvað hún ætti að gera og hvort hún ætti að leita til sérfræðings vegna einkenna sinna. Framburður Alfreðs og Auðar Berglindar styður það engan veginn. Framburður þeirra tveggja og öll umgjörð málsins veitir fremur vísbendingu um að stefnandi, Alfreð og Auður Berglind hafi átt óformlegar samræður sem samstarfsfólk í herbergi hjúkrunarfræðinga um flygsueinkenni stefnanda. Í ljósi reglna um að sá sem ber fyrir sig staðhæfingu um umdeild atvik hafi í upphafi sönnunarbyrðina fyrir staðhæfingum sínum er það niðurstaða dómsins að fella sönnunarbyrðina í þessum efnum á stefnanda, enda ekkert fram komið sem gerir staðhæfingu stefnanda það sennilega að rétt sé að færa sönnunarbyrðina í þessum efnum yfir á stefnda. Fram hjá því verður heldur ekki litið að stefnandi var á þessum tíma hjúkrunarfræðingur á augndeild Landspítala háskólasjúkrahúss og hafði starfað þar sem slíkur um hríð. Hafi hún orðið vör við einkenni í augum er hún hafði ástæðu til að óttast átti hún umsvifalaust að leita til læknis með þau einkenni með því að fá tíma hjá lækni til sérstakrar skoðunar. Er það niðurstaða dómsins að ekki sé talið sannað að samtal stefnanda og Alfreðs Harðarsonar deildarlæknis hafi verið greiningarviðtal læknis sem hafi gert stefnanda að notanda heilbrigðisþjónustu og þar með að sjúklingi í skilningi 1. mgr. 1. gr. laga nr. 111/2000. Í ljósi þess verður stefndi sýknaður af kröfum stefnanda.

Rétt þykir að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu.

Af hálfu stefnanda flutti málið Dögg Pálsdóttir hæstaréttarlögmaður, en af hálfu stefnda Skarphéðinn Þórisson ríkislögmaður.

Dóminn kveður upp Símon Sigvaldason héraðsdómari.

Dómsorð:

Stefndi, Tryggingastofnun ríkisins, er sýkn af kröfum stefnanda, Valgerðar Halldórsdóttur.

Málkostnaður fellur niður.

Símon Sigvaldason

